



Minnisblað

Dagsetning : 8. júlí 2013

Sendandi : Hrafnkell Á. Proppé

Titill : Auglýsing breytingartillagna svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2001-2024

Minnisblað þetta er sett saman til upplýsingar fulltrúum svæðisskipulagsnefndar um stöðu breytingartillagnanna sem nefndin samþykkti að auglýsa á fundi sínum þann 19. apríl sl.

Skipulagsstofnun hefur lokið við að fara yfir breytingartillögur fyrir auglýsingu. Hjalagt er bréf stofnunarinnar með ábendingum varðandi tillögurnar. Brugðist hefur verið við ábendingum Skipulagsstofnunar með eftirfarandi hætt:

- Bætt hefur verið inn skýringartáknnum í upphafi 3 kafla og uppdættir sem sýna landnotkun fyrir og eftir breytingu hafa verið samræmdir.
- Bætt hefur verið í skýringartexta með hverri breytingu hvaða landnotkun gildir fyrir og eftir breytingar. Einnig koma nú fram helstu niðurstöður umhverfismats í framhaldi af umfjöllun hverrar breytingar.
- Umhverfisskýrslan hefur verið uppfærð m.t.t. til ábendinga Skipulagsstofnunar: Umfjöllun um heilsu er bætt við umhverfispáttinn samfélag. Gerð er grein fyrir þeim umhverfispáttum sem ekki voru til umfjöllunar. Fjallað er um mat á valkostum á hafnarsvæðum
- Leitað verður umsagnar framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði á höfuðborgarsvæðinu á auglýsingartímanum.

Breytingartillögurnar verða auglýstar samhliða tillögum að endurskoðuðu aðalskipulagi Reykjavíkur og Kópavogs þann 9. ágúst. Auglýsingatíminn er 6 vikur og er opið fyrir athugasemdir til 20. september nk.

Athugasemdir Skipulagsstofnunar verða birtar með auglýsingunni og teknar til umfjöllunar með öðrum athugasemdum í svæðisskipulagsnefnd að auglýsingu lokinni.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagstjóri